

Ed.

597. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 26. apríl 1946, um almannatryggingar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. Leggur meiri hl. til, að það verði fellt, en ég legg til, að það verði samþ. óbreytt.

Frv. var sent tryggingaráði til umsagnar. Ráðið eða meiri hl. þess vísaði aðeins til umsagnar sinnar um annað frv. um breyt. á l. um almannatryggingar, sem flutt er á þessu þingi af Skúla Guðmundssyni. Sú umsögn var á þá leið, að ráðið vildi ekki mæla með breyt. á lögnum fyrr en reynsla væri fengin um framkvæmd þeirra. Meiri hl. heilbr.- og félagsmálan. vill fella frv. með sama rökstuðningi.

Það er augljóst mál, að ástæður meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálan. og tryggingaráðs gegn frv. eru aðeins tylliástæður. Öll þau atriði, sem frv. fjallar um, voru ágreiningsmál þegar lögín um almannatryggingar voru sett.

Hið ólýðræðislega fyrirkomulag á stjórn og rekstri trygginganna í tryggingarumdæmunum, sem lögín um almannatryggingar gera ráð fyrir, á að koma til framkvæmda á næsta ári. Það er með öllu óskiljanlegt, hvers vegna þarf að gera tilraun með slíkt fyrirkomulag, en hitt er víst, að verði slíkt kerfi einu sinni byggt upp, verður erfiðara að afnema það. Það þarf heldur enga reynslu fyrir því, að elli- og örorkulífeyririnn er með öllu ófullnægjandi, né heldur fyrir nauðsyn þess, að teknar verði upp í lögín mæðra- og ekkjubætur, sem nokkurt gagn sé að. Það er ekki heldur spurning um reynslu, heldur mismunandi skoðanir, hvort hækka skuli nefskattana til trygginganna og leggja nokkurn hluta gjaldanna á með nokkru meira tilliti til efnahags manna.

Reynslan getur skorið úr um það eitt, hver fjárhagur trygginganna verður, hvernig tekst að láta tekjur og gjöld standast á. En fjárhagsáætlun trygginganna er í nokkurn veginn jafnmikilli óvissu, hvort sem þetta frumvarp nær fram að ganga eða ekki. Undir öllum kringumstæðum verður nauðsynlegt að endurskoða tryggingarnar með tilliti til fjárhagsins, þegar nokkur reynsla er fengin. Og verði þá horfið að því ráði að draga úr útgjöldunum, er það mín skoðun, að fyrr skuli borið niður annars staðar en á þeim þáttum trygginganna, sem frv. þetta fjallar um.

Meðan lögín um almannatryggingar voru til meðferðar í þinginu, barst fjöldi áskorana til Alþ. frá samtökum víðs vegar um landið um að samþykkja þau í þeirri mynd, sem frumv. þetta gerir ráð fyrir. Frá Mæðrafélaginu, Kvenréttindafélagi Íslands, Mæðrastyrksnefndinni og forustumönnum næstum allra kvennasamtaka í Reykjavík hárust eindregnar áskoranir um að taka upp í lögín þessi ákvæði um mæðra- og ekkjubætur, sem hér um ræðir. Nú fyrir skömmu gekkst Kvenréttindafélag Íslands fyrir fjölmönnum opinberum kvennafundi í Reykjavík, sem einróma skoraði á Alþingi að samþykkja breytingar á lögnum, sem ganga allar í sömu átt og frumvarp þetta.

Alþingi, 28. marz 1947.

Brynjólfur Bjarnason,
form.